

## AUGLÝSING

### um leiðréttingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða.

Vísað er til auglýsingar nr. 35/1983 um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða: fyrir raforku:

Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um ..... 21.3%  
í stað 11.3%,

fyrir hitaveitur:

Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um ..... 11.3%  
í stað 21.3%.

*Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í hreppnum.

1. Umferð úr Langatanga er stöðvunarskyld við gatnamót **Álfatanga** (stanz).
2. Umferð um **Álfatanga** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brekkutanga og Arnartanga (biðskylda).
3. Umferð um **Langatanga** nýtur forgangs fyrir umferð úr Bjarkarholti, Hamraborg, Hlaðhömrum, Grundartanga, Dalatanga, Borgartanga, Bugðutanga og Bjargartanga (biðskylda).
4. Umferð um **Arnartanga** (stofngötu) nýtur forgangs fyrir umferð úr öllum botnlöngum sem ganga inn á þá götu (biðskylda).
5. Umferð um **Álfholt** nýtur forgangs fyrir umferð úr Akurholti, Arkarholti, Álmholti, Ásholti, Brattholti, Byggðarholti og Dvergholti (biðskylda).
6. Umferð um **Skeiðholt** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brattholti, Byggðarholti, Dvergholti, Urðarholti og Njarðarholti (biðskylda).
7. Umferð um **Skólabraut** nýtur forgangs fyrir umferð úr Markholti, Lágholti og Háholti (frá Hlégarði) (biðskylda).
8. Umferð um **Jónsteig** nýtur forgangs fyrir umferð úr Markholti, Lágholti og Háholti (frá Hlégarði) (biðskylda).
8. Umferð um **Jónsteig** nýtur forgangs fyrir umferð úr Asparteigi, Birkiteigi, Stórateigi, Hamarsteigi og Merkjateigi (biðskylda).
9. Umferð um **Reykjaveg** nýtur forgangs fyrir umferð af vegi frá dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjabyggð (biðskylda).
10. Umferð um **Álafossveg** nýtur forgangs fyrir umferð úr Brekkulandi (biðskylda).
11. Umferð um **Aðaltún** nýtur forgangs fyrir umferð úr Hlíðartúni, Lækjartúni og Hamratúni (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Kjósarsýslu, 4. febrúar 1983.*

**Einar Ingimundarson.**